

Ylræktartrygging

Skilmáli E-40

Ylræktartryggingin er ætluð þeim sem leggja stund á hefðbundna ylræktarstarfsemi í gróðurhúsum.

Í skilmálanum merkir hugtakið "félagið" Vörður tryggingar hf.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga framár ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

1. kafli. Almenn ákvæði

- 1. gr. Hvað er váttryggt?**

Váttryggingin tekur til ræktunarafurða í gróðurhúsi, en nær ekki til annarra lausafjármuna eða fasteigna.
- 2. gr. Hver er váttryggður og meðváttryggður?**

Váttryggður er eigandi ræktunar á þeim stað sem tiltekinn er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 3. gr. Hvar gildir tryggingin?**

Váttryggingin gildir á þeim stað sem tilgreindur er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 4. gr. Váttryggingarverðmæti**

Váttryggingarfjárhæð ræktunar miðast við áætlað markaðsverð eins og það er að ræktunartíma loknum og tilgreint er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 5. gr. Eigin áhætta váttryggðs**

Í sérhverju bótaskyldu tjóni ber váttryggður sjálfur eigin áhættu sem tiltekin er í váttryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 6. gr. Óbeint tjón**

Váttryggingin nær ekki til óbeins tjóns sem leiða kann af bótaskyldum atburði, svo sem rekstrartapi, töf á framleiðslu eða afhendingu á vörum.
- 7. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur**

Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur í skilmála þessum eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.
- 8. gr. Ákvörðun bóta**

Bætur miðast við þann kostnað sem í ræktunina hefur verið lagður á tjónsdegi, svo sem sáningarkostnað og launakostnað, en ekki áætlað markaðsverð ræktunar

Váttryggður skal ekki hagnast á váttryggingaratburði. Váttryggingin skal einungis bæta raunverulegt tjón váttryggðs.
- 9. gr. Upplýsingaskylda váttryggingartaka**

Félaginu er heimilt að skoða hið váttryggða og umbúnað þess þegar félagið óskar.
- 10. gr. Vísitala**

Váttryggingarfjárhæðir og fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysliverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.
- 11. gr. Réttur þriðja manns - Samsömunum**

Váttrygging þessi er ekki til hagsbóta fyrir veðhafa nema félaginu sé tilkynnt það sérstaklega og það skráð á váttryggingarskírteini. Meðváttryggður getur aldrei eignast meiri réttindi á hendur félaginu heldur en hinn váttryggði.

Sé váttrygging þessi notuð í atvinnustarfsemi getur félagið borið fyrir sig háttsemi starfsmanna váttryggðs, sbr. 3. mgr. 29. gr. laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga.

2. kafli. Eldsvoði, elding og sprenging

12. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða af völdum:

- a. **Eldsvoða.** Sviðnun eða bráðnun án þess að eldur verði laus er ekki eldsvoði i skilningi þessarar greinar.
- b. **Eldingar.** Þótt ekki verði laus eldur.
- c. **Sprengingar.**

13. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Tjón, sem verður við vinnu með sprengiefni við verklegar framkvæmdir.

14. gr. Varúðarreglur

- a. Vátryggður skal sjá til þess að munir séu ekki settir í hættu frá eldi eða hita.
- b. Vátryggðum ber að sjá um að allur umbúnaður á vátryggingarstað sé í samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum og reglugerðum.

3. kafli. Vatn, gufa og olía

15. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða af völdum vatns, gufu og olíu sem óvænt og skyndilegt streymi úr leiðslum gróðurhússins og á upptök innan veggja hússins. Einnig er bætt tjón vegna vatns sem flæðir úr tækjum vegna mistaka eða bilana.

16. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Ekki er bætt tjón vegna:

- a. Utanaðkomandi vatns, svo sem grunnvatns, úrkomu flóða eða vatns frá þakrennum eða frárennislisleiðslum þeirra.
- b. Vatns sem þrýstist upp úr skolp- eða frárennislisleiðslum, eða ef skolpleiðslur geta skyndilega ekki flutt allt það vatn sem að berst, þó með þeirri undantekningu ef leiðsla stíflast eða springur innanhúss.

17. gr. Varúðarreglur

- a. Vátryggður skal sjá til þess að lokað sé fyrir vatnaðstreymi í óupphituðu húsi þegar hætta er á frosti.
- b. Vátryggður skal sjá til þess að niðurföll séu í lagi með því að hreinsa frá þeim og fyrirbyggja söfnun yfirborðsvatns.

4. kafli. Innbrot

18. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða af völdum innbrots. Það telst innbrot þegar einhver kemst inn í læst gróðurhús með því að brjóta sér leið inn og stela eða valda skemmdum á hinu vátryggða. Það er skilyrði fyrir greiðslu bóta að ótvíræð merki séu um innbrot.

19. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Ekki er bætt tjón sem verður vegna innbrota eða tilrauna til þeirra af hendi heimilisfólks eða starfsfólks vátryggingartaka eða þegar þessir aðilar eru meðvaldir að innbroti eða tilraun til þess

20. gr. Varúðarreglur

Vátryggður skal sjá til þess að gróðurhús séu alltaf læst þegar þau eru yfirgefin.

5. kafli. Óveður

21. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á ræktun af völdum óveðurs þegar vindhraði nær 28,5 metrum á sekúndu, samkvæmt mælum Veðurstofu Íslands. Til óveðurstjóna á ræktun teljast eingöngu þau tjón sem verða þegar vindur hefur rofið þak, glugga eða aðra hluta gróðurhússins. Séu ekki fáanlegar viðurkenndar upplýsingar um vindhraða á tjónsstað er tjónið varð skal hafa til hliðsjónar við ákvörðun bótaskyldu hvort almennt eignatjón hafi orðið á svæðinu af völdum veðurs er vátryggingaratburðurinn átti sér stað.

22. gr. Varúðarreglur

Vátryggður skal sjá til þess að gróðurhús séu í fyllsta samræmi við fyrirmæli í gildandi lögum.

6. kafli. Snjópungur

23. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir beint tjón á hinu vátryggða af völdum skyndilegs snjópunga sem sligað hefur þak eða vegg gróðurhússins.

24. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Ekkí er bætt tjón sem rekja má til afleiðinga byggingargalla.

7. kafli. Breyting á hitastigi

25. gr. Hvað bætir tryggingin?

Vátryggingin bætir tjón á ræktun af völdum breytinga á hitastigi, sem orsakast af bilun í tæknibúnaði, rafmagnsbúnaði hitakerfum og vatnsleiðslum.

Skilmálar þessir gilda frá 01.01.2022